

Til: Skólastjórnenda og tengiliða í grunnskólum vegna Forvarnardagsins

Forvarnardagurinn 2. október 2024

Mikilvægar upplýsingar

Forvarnardagurinn verður haldinn miðvikudaginn 2. október nk. Með deginum er verið að koma á framfæri þremur lyklum að góðu lífi eða verndandi þáttum í lífi barna sem rannsóknir hafa sýnt að minnki líkur á notkun áfengis- og vímuefna barna og ungmenna. Dagskráin miðast við 9. bekk í grunnskólum og hafa skólar svigrúm til að vinna með efnið til 23. október.

Sumir skólar hafa skipulagt frekari dagskrá í tengslum við Forvarnardaginn en það er t.d. hægt að gera í samstarfi við nærsamfélagið, til dæmis íþróttafélög, Skátana, félagsmiðstöðvar og frístundastarf.

Við höfum verið að koma því á framfæri að sveitarstjórnir fái upplýsingar um tilgang og framkvæmd forvarnardagsins m.a. tengiliðir Heilsueflandi samfélags, forvarnarfulltrúar sveitafélaganna og/eða íþrótt- og tómstundafulltrúar. Mikilvægt er að þessir aðilar séu meðvitaðir um tilgang og þá vinnu sem fer fram á Forvarnardaginn og bent er á að fulltrúarnir og bæjarstjóri geti farið í heimsókn í skólana á Forvarnardeginum eða þeim degi sem unnið er með verkefnið í 9. bekk í skólanum.

Vefsíða Forvarnardagsins: Á vefsíðu Forvarnardagsins www.forvarnardagur.is er að finna ýmsar upplýsingar um Forvarnardaginn, meðal annars:

- Skráningarform fyrir skóla. – Þátttaka skólans er skilyrði til að nemendur 9. bekkjar skólans hafi möguleika á að vinna til verðlauna ef þau taka þátt í verðlaunaleiknum.
- Vefsvæði með ýmsum upplýsingum fyrir grunnskóla – lokað svæði fyrir þátttökuskóla sem þarf lykilorð til að komast inn (grunnskoli23):
 - a. Leiðbeiningar (þessar hér)
 - b. Glærur fyrir kennara – kennarar nota þær með 9. bekk til að fara yfir efnið (auk þess eru umræðuspurningar fyrir hópavinnu á glærunum).
 - c. Upplýsingabréf til foreldra/ forráðamanna nemenda í 9. bekk sem hægt er að styðjast við til að veita foreldrum upplýsingar. Við hvetjum skólana til að senda út slíkt upplýsingabréf.
 - d. Linkur á Survey Monkey svæði til þess að svara spurningum
 - e. Hnappur til að ná í gagnlegar upplýsingar s.s. skýrslur o.fl.
 - f. Upplýsingar um verðlaunaleik en hnappur til að senda inn efni kemur á forsiðu 2. október.
- Gagnlegar upplýsingar, svo sem skýrslur, rannsóknir og vefsíður tengt efni Forvarnardagsins.
- Upptaka af málþingi sem fer fram 2. október 2024 í tilefni Forvarnardagsins verður sett þarna inn.
- Myndband sem gert var í tilefni Forvarnardagsins fyrir nokkrum árum.

Hér eru leiðbeiningar um dagskrá Forvarnardagsins.

Dagskráin: Undanfarin ár hefur dagskrá innan skólanna verið svipuð. Gera má ráð fyrir a.m.k. tvær kennslustundir þurfi til þess að fara í gegnum kynninguna og gefa þarf rými fyrir umræður nemenda. Við vekjum athygli á að skólar hafa svigrúm til að vinna verkefnið til 23. október og því er engin pressa að verkefnið sé unnið þann 2. október þó það sé formlegur dagur Forvarnardagsins. Mikilvægt er að hafa svigrúm þannig allir skólar hafi tækifæri til að taka þátt.

Kynning og umræðuspurningar: Kynningin fjallar um þá þrjá lykla að góðu lífi eða verndandi þætti í lífi barna sem skipta máli samkvæmt niðurstöðum rannsókna. Einnig er áhersla lögð á að umræða sé tekin um vellíðan og hvað þarf til að láta sér líða vel. Kennarar kynna efnið og stýra umræðum og fylgja eftir að nemendur (hópstjórar) skrái svör inn á vefsvæðið. Mikilvægt er að kennari sé til staðar til að svara spurningum og veita leiðbeiningar á meðan verkefnin eru unnin. Kynningarglærurnar eru með leiðbeinandi texta fyrir kennara sem hægt er að styðjast við og veitir útskýringar fyrir hverja glæru. Einnig er kennurum oft bent á ítarefni í texta undir glærum sem hægt er að skoða áður en kynningin fer fram. Umræðuspurningarnar eru með bláu lettri en undir þeim eru stoðspurningar sem nota má til stuðnings fyrir þau til að efla umræðurnar. Athugið að inni á svarslóðinni sem nemendur eru með opna sést aðeins yfirsurningin, ekki stoðspurningar og því mikilvægt að þau sjái allar spurningar á meðan þau svara t.d. með því að hafa glærur uppi á skjá.

Svörun umræðuspurninga: Svörun umræðuspurninga: Nemendum er skipt í 4-5 manna hópa, þau velja sér hópstjóra og ræða saman um spurningarnar og koma sér saman um svör. Hópstjóri skráir svör spurninganna inn í SurveyMonkey. Niðurstöðurnar fara svo í gagnagrunn en öll svör eru órekjanleg.

Myndband Forvarnardagsins: Það er að finna á vefsíðu Forvarnardagsins og er myndbandið með skilaboðum frá góðum fyrirmyndum. Þetta myndband er aðeins komið til ára sinna en gæti verið gott að nota sem ítarefni til að horfa á saman eftir umræðum er lokið til að hafa ekki áhrif á þær. Við minnum þó á að myndbandið sýnir kannski einsleita mynd af fjölskyldum og því þarf kennari að meta hvort það passi fyrir sinn hóp. Einnig er hægt í þessu samhengi að nota tækifærið og ræða mismunandi fjölskyldur og tengslamyndun og bendum þá á skýrslu sem gefur frekari upplýsingar og getur verið hjálpleg sem undirbúningur kennara fyrir slíka umræðu: *Félagstengsl íslenskra barna og ungmenna* <https://rafhladan.is/handle/10802/29109>

Verðlaunaleikur Forvarnardagsins: Upplýsingar um verðlaunaleikinn er að finna á grunnskóla undirsíðu (lokað svæði) á vef Forvarnardagsins. Þann 2. október verða þessar upplýsingar komnar á forsíðu vefsins en þátttaka í leiknum er valfrjál. Leikurinn snýst um að nemendur búa til myndband, veggspjald eða annað sem tengist þeim verndandi þáttum sem farið er yfir á glærunum og/eða þeim þáttum sem stuðla að vellíðan. Hægt er að skila inn sem einstaklingar eða í litlum hópum (hámark 4 nemendur).

Verndandi þættir eru:	Vellíðan:
• Samvera með foreldrum / forráðamönnum • Þátttaka í skipulögðu íþrótta- og tómstundastarfi • Leyfum heilanum að þroskast	• Félagsleg tengsl • Holtt mataræði • Svefn • Hreyfing • Vímuefnalaus lífstíll • Athygli á það jákvæða

Skila þarf inn afurð á rafrænu formi og skilahnapp má finna á forsíðu á vefsíðu Forvarnardagsins (2. október). Valinn verður einn þátttakandi/hópur úr 9. bekk grunnskóla sem er skráður þátttakandi í Forvarnardegnum. Verðlaunin eru veglegt gjafabréf frá 66°Norður og verða veitt á Bessastöðum af forseta Íslands, síðar á þessu ári. Frestur til að taka þátt í leiknum og skila inn afurð er til 23. október.

Við hvetjum ykkur kærar kennarar/tengiliðir að nýta þá umræðu sem skapast með Forvarnardegnum til umræðu í samfélaginu. Þannig getur það verið hvatning fyrir alla sem vinna að málefnum barna og ungmenna að nýta sér þau jákvæðu skilaboð sem dagurinn ber með sér.

Kær kveðja, Ingibjörg Guðmundsdóttir, ingibjorg.gudmundsdottir@landlaeknir.is og Lísbet Sigurðardóttir, lisbet.sigurdardottir@landlaeknir.is Verkefnisstjórar Forvarnardagsins 2024